

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 6/2010

frá 29. janúar 2010

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2009 frá 4. desember 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/75/EB frá 24. júlí 2008 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu koltvísýringi við í I. viðauka við hana ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/77/EB frá 25. júlí 2008 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu þíametoxami við í I. viðauka við hana ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/78/EB frá 25. júlí 2008 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu própíkónasóli við í I. viðauka við hana ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/79/EB frá 28. júlí 2008 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu 3-joð-2-própýnýlbútýlkarbamati (IPBC) við í I. viðauka við hana ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/80/EB frá 28. júlí 2008 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu sýklohexýlhýdroxýdíasen-1-oxíði, kalíumsalti (K-HDO) við í I. viðauka við hana ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/81/EB frá 29. júlí 2008 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu dífenakúmi við í I. viðauka við hana ⁽⁷⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 62, 11.3.2010, bls. 30, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 11.3.2010, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 197, 25.7.2008, bls. 54.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 198, 26.7.2008, bls. 41.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 198, 26.7.2008, bls. 44.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 200, 29.7.2008, bls. 12.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 200, 29.7.2008, bls. 15.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 201, 30.7.2008, bls. 46.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 12n (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

- „– **32008 L 0075**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/75/EB frá 24. júlí 2008 (Stjtíð. ESB L 197, 25.7.2008, bls. 54),
- **32008 L 0077**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/77/EB frá 25. júlí 2008 (Stjtíð. ESB L 198, 26.7.2008, bls. 41),
- **32008 L 0078**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/78/EB frá 25. júlí 2008 (Stjtíð. ESB L 198, 26.7.2008, bls. 44),
- **32008 L 0079**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/79/EB frá 28. júlí 2008 (Stjtíð. ESB L 200, 29.7.2008, bls. 12),
- **32008 L 0080**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/80/EB frá 28. júlí 2008 (Stjtíð. ESB L 200, 29.7.2008, bls. 15),
- **32008 L 0081**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/81/EB frá 29. júlí 2008 (Stjtíð. ESB L 201, 30.7.2008, bls. 46).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2008/75/EB, 2008/77/EB, 2008/78/EB, 2008/79/EB, 2008/80/EB og 2008/81/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. janúar 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. janúar 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter
formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.